

**Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs**  
**41. fundur**  
**haldinn að Lyngási , 9. júní 2011**

**Mættir:** Björn Ármann Ólafsson og Ruth Magnúsdóttir tilnefnd af Fljótsdalshéraði, Jóhann F. Þórhallsson tilnefndur af Fljótsdalshreppi (kom kl. 17.40 undir dagskrárlið 3), Skúli Björn Gunnarsson tilnefndur af ferðamálasamtökum, Skarphéðinn G. Þórisson tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum og Einar Kr. Haraldsson tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

**Dagskrá:**

1. Fundur settur og dagskrá kynnt
2. Stjórn skiptir með sér verkum
3. Starfið framundan
4. Stækkun Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
5. Stjórnarfundur 1. júní í Snæfellsstofu
6. Önnur mál

*Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 17.10. Gengið var til dagskrár.*

**1. Fundur settur og dagskrá kynnt**

Björn Ármann bauð nýja svæðisráðsmenn velkomna til fundar en þetta er fyrsti fundur nýskipaðs svæðisráðs. Hann sagðist að höfðu samráði við ráðuneytið hafa boðað til fundarins sem fráfaramandi formaður. Hann fór yfir dagskrá fundarins og spurði eftir öðrum málum.

**2. Stjórn skiptir með sér verkum**

Björn Ármann rakti lagaákvæði um skipan svæðisráðs og skiptingu embætta. Hann kynnti þá tillögu sem lægi fyrir að hann yrði formaður svæðisráðs og Ruth Magnúsdóttir yrði varaformaður. Ekki kom fram önnur tillaga. Stungið var upp á að Skúli Björn ritaði áfram fundargerðir svæðisráðs og var það samþykkt. Skúla Birni falið að koma samþykkt svæðisráðs um val á formanni og varaformanni til ráðuneytis.

**3. Starfið framundan**

**a) Stjórnunar- og verndaráætlun**

Umræður fóru fram um hvernig best yrði staðið að kynningu á tilteknum atriðum stjórnunar- og verndaráætlunar, til að mynda hvernig staðið verði að kynningu á gríðlandi og dagsetningum og mörkum landsvæða vegna veiða. Þjóðgarðsvörður sagði að verið væri að vinna bréf til að senda út með hreindýraveiðileyfum og verið væri að skoða hver væri besta leiðin til að koma kynningu til annarra veiðimanna.

**b) Fundir með hagsmunaðilum**

Rætt var um hvernig svæðisráð hagaði samráði í framtíðinni í ljósi þeirra gagnrýni sem komið hefur fram. Hugmyndir ræddar um að koma ákveðnu skipulagi á slíkt og voru allir hlyntir því. Mun svæðisráð fara betur yfir þau mál á næstu fundum.

Samþykkt að boða hreindýraleiðsögumenn til næsta fundar svæðisráðs 23. júní kl. 17 enda hefur stjórn félags þeirra óskað eftir fundi til að ræða um veiðar og akstur á Austursvæði á grundvelli nýrrar stjórnunar- og verndaráætlun. Formanni falið að hafa samband við stjórn hreindýraleiðsögumanna og kanna einnig hvort að forstöðumaður veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar geti ekki komið til fundarins svo að ræða megi um almenna kynningu til veiðimanna.

#### **c) Stækkun Austursvæðis Vatnajökulshjódgarðs**

Fulltrúar Fljótsdalshéraðs komu á stjórnarfund þjóðgarðsins í Snæfellsstofu 1. júní og þar voru ræddar hugmyndir um stækkun þjóðgarðsins á Austursvæði. Áhersla var þar lögð á góð samskipti á milli sveitarfélags og ráðuneytis. Formaður greindi frá því að komið hafa fram óskir frá bæjarstjórn um að eiga sérstakan fund með svæðisráði til að fara yfir þessar hugmyndir um stækkun.

#### **4. Stjórnarfundur 1. júní í Snæfellsstofu**

Formaður gerði grein fyrir helstu atriðum sem rædd voru á stjórnarfundinum. Verið er að vinna að endurskoðun reglugerðarinnar í ráðuneytinu og munu þær tillögur koma til svæðisráðanna til umfjöllunar. Stjórn þjóðgarðsins er einnig að skoða skipurit garðsins.

#### **5. Önnur mál.**

##### **a) Almennar umræður**

Umræður spunnust um ýmis önnur mál, s.s. þau er varða umferð fótgangandi, reiðhjólamanna og hesta innan þjóðgarðsins og ákvæði um slíkt í stjórnunar- og verndaráætlun.

##### **b) Leiðrétting við Jökulkvísl**

Skarphéðinn minnti á að ekki væri ennþá búið að leiðrétta útlínur þjóðgarðsins við Jökulkvísl á opinberum kortum á heimasíðu Vatnajökulshjóðgarðs. Þjóðgarðsvörður sagði að málið væri í vinnslu og myndi þetta vonandi verða lagfært á næstunni.

##### **c) Viðburður 21. júní**

Þjóðgarðsvörður kynnti fyrir svæðisráði að þann 21. júní yrði viðburður í Snæfellsstofu þar sem Vinir Vatnajökuls munu kynna verkefni sem felst í því í að koma upp „vörðum“ við inngangsleiðir að þjóðgarðinu. Velja þarf vörðunum stað á Austursvæði uppi á Fljótsdalsheiði og kynnti þjóðgarðsvörður hugsanlegar staðsetningar fyrir svæðisráði.

##### **d) Skýrsla um heiðargæs**

Skarphéðinn greindi frá því að verið væri að leggja lokahönd á nýja skýrslu um heiðargæs hjá Náttúrustofu Austurlands. Verður henni dreift á næsta fundi.

##### **e) Jaðarsvæði við Háslón**

Skarphéðinn nefndi til umhugsunar hvort sömu reglur gætu gilt á jaðarsvæðinu milli Háslóns og þjóðgarðsmarka og gilda í þjóðgarðinum sjálfum, þ.e. varðandi veiðar og eggjatöku. Umræðu frestað um það þar til síðar.

### **f) Voropnun í Snæfelli**

Einar varpaði fram þeirri hugmynd að opnað yrði fyrir í Snæfelli en verið hefur fyrir ferðamönnum og útivistarhópum sem sækjast eftir að komast í snertingu við snjó á hálendinu snemma á vorin. Var hugmyndin rædd lítillega og benti þjóðgarðsvörður á að því fylgdi mikill kostnaðarauki við skála- og landvörslu. Einnig var rætt um að þetta kallaði á vegabætur inn að Snæfells-skála. Frekari umræðu frestað.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.00

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Ruth Magnúsdóttir

Skarphéðinn G. Þórisson

Einar Kr. Haraldsson